

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna skrásetningargjalda

26. febrúar 2020

Stúdentaráð leggst afdráttarlaust gegn hækkun skrásetningargjalda við Háskóla Íslands. Ráðið telur hækkunina vera til þess fallna að skerða aðgengi að námi og minnka félagslegan hreyfanleika í íslensku samfélagi. Ákvörðun um slíka hækkun yrði skref afturábak og myndi leiða til þess að þeir þröskuldar sem liggja að háskólamenntun hækki.

Stúdentaráð telur ljóst að fjárframlög ríkisins til háskóla þurfi að hækka, m.a. til að ná yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar um að fjármögnun háskólastigsins verði á pari við það sem gerist á norðurlöndunum árið 2025, og tekur undir [yfirlýsingu háskólaráðs](#) frá 6. febrúar vegna þess. Á sama tíma ítrekar Stúdentaráð að ekki er rétt að sækja það fé beint í vasa núverandi eða tilvonandi stúdenta.

Af könnun EUROSTUDENT VI, frá 2017, um stöðu stúdenta á Íslandi má sjá að fjárhagsáhyggjur og mikil atvinnuþátttaka stúdenta eru tvær helstu áskoranir íslenskra stúdenta. Þá eru fjárhagsáhyggjur þriðja algengasta ástæða þess að íslenskir stúdentar tefjast í námi um eitt ár eða meira. Í könnunni kemur fram að 34,8% stúdenta mátu fjárhagsstöðu sína alvarlega, 43% mátu háskólanám sitt þannig að þau þurfi að stunda það af mikilli ákefð (high intensity) á sama tíma og 49,5% stúdenta [vinna](#) með skóla og [meirihluti](#) þeirra sem gegna launuðum stöðum vinna yfir 20 klukkutíma á viku. Það skýtur því skökku við að auka álögur sem stúdentar komast ekki hjá að greiða til að stunda nám. Slík hækkun mun eingöngu auka á þennan vanda sem er hluti af háskólasamfélaginu á Íslandi í dag og helsta áskorun íslenskra stúdenta.

Almennt tíðkast hvorki að innheimta skrásetningar- né skólagjöld af stúdentum í opinberum háskólum á Norðurlöndunum. Þar sem telja má einhverskonar sambærileg gjöld vera til staðar, t.d. í Noregi, er um að ræða gjöld á bilinu 4.100 - 22.000 íslenskar krónur samkvæmt fulltrúum landssamtaka stúdenta Noregs, margfalt lægri en tíðkast hefur héraendis.

Umfram andstöðu Stúdentaráðs við hugmyndir um hækkun skrásetningargjalds telur Stúdentaráð rétt að fá úr því skorið hvort þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu í dag standist lög um opinbera háskóla. Mun ráðið leita leiða til að fá úr því skorið.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti